

Eð.

272. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stéttarfélag skal opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánara ákveðnum reglum í samþykktum félagsins, enda sé þeim einum, sem í þeirri starfsgrein eru, heimil vera í félaginu. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt bæjar- eða sveitarfélag, enda sé í hverju bæjar- eða sveitarfélagi einungis eitt stéttarfélag fyrir hverja starfsgrein. Allir félagsmenn skulu hafa jafnan rétt til allra trúnaðarstarfa í félaginu og stéttarsamböndum, sem það er í, án tillits til stjórnmalaskoðana þeirra.

2. gr.

Á eftir fyrri másl. fyrri mgr. 3. gr. laganna komi nýr másl.: Fulltrúa stéttarféлага til stéttarsambands skal kjósa með hlutfallskosningu, ef $\frac{1}{5}$ hluti félaganna krefst þess.

3. gr.

3. mgr. 9. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og öllum er kunnugt, hefir megn sundrung ríkt meðal verkalyðsfélagskapparins síðustu árin. Hver höndin er þar upp á móti annari, og gætir þess mest í hinum stærri félögum. Orsökina til þessara vandræða er sú, að tveir harðvítugir stjórnmalaflokkar berjast þar um yfirráðin, án þess að skeyta um, hvaða afleiðingu baráttan þessi hefir fyrir verkalyðssamtökin í landinu. Frumvarp þetta er fram komið til þess að sporna á móti því, að einstaka stjórnmalaflokkar geti misnotað stéttarfélagssamtökin og til að verja þau frá algerðri tortímingu.

Frumvarpið felur í sér þrjú atriði, sem öll miða að því að ákveða með löggjöf aðalágreiningsmálin innan stéttarféлага verkalyðsins. Þessi atriði eru: Eitt verkalyðsfélag á hverju félagssvæði. Engir aðrir en verkamenn séu meðlimir verkalyðsfélaganna, og loks, að skylda sé að viðhafa hlutfallskosningu til allra trúnaðarstarfa innan þess félags, þar sem $\frac{1}{5}$ hluti félagsmanna æskir þess.

Vil ég nú í sem fæstum orðum gera grein fyrir mikilvægi þessara þriggja atriða fyrir verndun og þróun verkalyðssamtakanna.

Eins og nú er ástatt, er heimilt samkvæmt lögum að stofna eins mörg stéttarfélag innan sömu starfsgreinar eins og mönnum býður við að horfa. Ef minni hluti einhvers verkalyðsfélags er óánægður með gerðir meiri hlutans, þá getur hann rokið til og myndað nýtt verkalyðsfélag. Á sama hátt getur hvert atvinnufyrirtæki myndað utan um sig sitt verkalyðsfélag og hver stjórnmalaflokkur gert slíkt hið sama. Allir sjá, að slíkt fyrirkomulag sem þetta er ekki til framdráttar fyrir verkalyðssamtökin; en viðbúið er, að fjöldi verkamanna taki samt heldur þann kostinn að stofna nýtt félag heldur en að halda áfram að sæta því misrétti, sem nú ríkir innan félagsskapparins (sbr. þriðja atriðið, sem frv. fjallar um).

Sama gildir um annað atriðið. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt, að stéttarfélag hafi meðal sinna meðlima menn, sem alls ekki heyra stéttinni til, t. d. að verkamannafélag telji meðal sinna meðlima skrifstofumenn, embættismenn, útgerðarmenn eða stórkaupmenn, sem aldrei hafa lagt fyrir sig starf verkamannsins eða daglaunamannsins eða eru löngu hættir því. Enda er óhætt að fullyrða það, að engir þessara manna eru innan stéttarféлага verkamanna af öðrum ástæðum en pólitískum og hljóta því að veikja félagsskapinn, þar sem sjónarmið þeirra eru annars eðlis en verkamannsins; enda nóg önnur félög til, sem stéttarfélagsmenn geta verið í, ef þeir vilja láta stjórnmal sig nokkru skipta.

Þriðja og síðasta atriðið er að lagfæra misrétti það, sem á sér stað innan verkalyðsfélaganna við kosningar í trúnaðarstöður þeirra. Eins og nú er ástatt, eru verkalyðssamtökin algerlega pólitísk, en þó þannig, að aðeins tveir flokkar, Alþýðuflokkurinn og Sameiningarflokkur alþýðu, ráða þar nær öllum málum. Flest verkalyðsfélaganna eru sennilega innan Alþýðusambands Íslands, en á fulltrúaþing þess má ekki kjósa aðra félagsmenn en þá, sem eru yfirlýstir jafnaðarmenn. Sameiningarflokkur alþýðu hefir stofnað sitt verkalyðssamband, sem hann segir, að eigi að vera ópólitískt, en engum, sem kunnugur er starfi kommúnista, dettur í hug að ætla, að þeir beiti sér fyrir ópólitískum félagsskap. Þess vegna hefir það verið svo til þessa, að þeir verkamenn, sem fylgt hafa öðrum stjórnmalaflokkum

en hér hafa verið nefndir, hafa nær engin áhrif getað haft um framkvæmd verkalýðsmálanna, hversu góðir félagsmenn sem þeir annars hafa verið. Þeir hafa samkvæmt lögum verið skyldaðir til að vera í verkalýðsfélagi og gjalda sín gjöld til þess, — gjöld, sem að nokkru leyti hafa farið til að breiða út og halda við stjórn-málastefnum, sem þeir hafa verið mótfallnir; en réttindi hafa þeir engin haft önnur en réttindi til vinnu, og þau oft mjög af skornum skammti. Slikt og annað eins misrétti verður að breytast, og þá fyrst er hægt að segja, að stéttarfélagsskapurinn sé ópólitísks eðlis, þegar hver góður félagsmaður — án tillits til stjórn-málaskoðana — hefir rétt til að komast í hverja þá trúnaðarstöðu, sem félagið hefir upp á að bjóða, og þegar fjárframlög félagsmanna ganga öll til starfseminnar, en ekki til framdráttar einstökum stjórn-málaflokkum, sem oft og einatt eiga ekki nema að litlu leyti itök í hugum félagsmanna. Jafnframt yrði þetta ákvæði, ef að lögum yrði, til þess að sameina öll verkalýðsfélögin í eitt samband og hindra þann klofning, sem nú þegar er orðinn innan verkalýðssamtakanna og hlýtur að vekja áhyggjur hjá hverjum þeim þjóðfélagsþegn, sem ann lýðræði og viðurkennir rétt stéttarfélagssamtakanna og vill heill þeirra í framtíðinni.